



LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Alþingi
Erindi nr. P 143/971
komudagur 7.2.2014

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Nefndasviði Alþingis
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 7. febrúar 2014
Tilvísun: 201402-0122


Efni: Umsögn um frumvarp til lögreglulaga (fækkun lögregluumdæma o.fl.) – 251. mál

Með tölvupósti dags. 17. janúar sl. var embættinu gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn vegna frumvarps til lögreglulaga (fækkun lögregluumdæma o.fl.), 251. mál.

Samskonar frumvörp og nú liggur fyrir hefur í þrígang verið sent embættinu til umsagnar. Nokkur af þeim atriðum sem bent er á í fyrri umsögnum hafa tekið viðunandi breytingum í fyrirbyggjandi frumvarpi en önnur ekki. Þeir möguleikar sem felast í fækkun og stækkun embætta eru bæði faglegir og fjárhagslegir. Á móti koma sjónarmið um nálægð æðstu stjórnenda við verkefni, samstarfsaðila og íbúa. Því stærra sem lögreglulið er því meiri möguleika hefur það til að takast á við öll þau verkefni sem upp kunna að koma og því meiri verður sveigjanleikinn. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að nýta til fullnustu þá möguleika sem til staðar eru þegar kemur að sameiningu lögregluembætta, sbr. t.d. þá ráðagerð sem finna má í síðasta málslið 1. mgr. 8. gr. laganna eins og lagt til að ákvæðið hljóði í 4. gr. frumvarpsins. Nánar er fjallað um þetta atriði í fyrri umsögnum og er vísað til þess sem þar er rakið.

Sú fyrirætlan frumvarpsins að færa skipunarvald lögreglumanna til viðkomandi lögreglustjóra er fagnað sérstaklega enda í góðu samræmi við þá mannauðsstefnu sem unnið er eftir hjá lögreglunni. Sú ráðstöfun er hins vegar óskiljanleg að það fyrirkomulag eigi ekki að gilda um aðstoðaryfirlögregluþjóna og yfirlögregluþjóna, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Lagt er til að lögreglustjórar skipi alla lögreglumenn til starfa innan síns embættis en ekki einungis hluta þeirra.

Virðingarfyllst,


Stefán Eiríksson, lögreglustjóri

